

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Vesturlands 5. apríl 2016 í máli nr. Q-2/2015:

A,

B og

C

(Þórhallur Haukur Þorvaldsson hrl.)

gegn

D

(Atli Már Ingólfsson hrl.)

E,

F og

G

I.

Mál þetta sem hér er til úrlausnar barst héraðsdómi með bréfi skiptastjóra móttæknu 16. júlí 2015 vegna dánarbús H, sem lést 4. janúar 2006. Var málið þingfest 29. september 2015 og tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 9. mars sl.

Sóknaraðilarnir A, B og C krefjast þess að tveir kaupmálar milli H, og D, dagsettir 26. nóvember 2005, skráðir í kaupmálabók sýslumannsins í Reykjavík 28. og 30. nóvember 2005, með málsnúmerum X-238 og X-240, verði dæmdir ógildir og ekki lagðir til grundvallar við yfirstandandi skipti á dánarbúi H. Þess er og krafist að kaupmálarnir verði afmáðir úr kaupmálabók sýslumannsins í Reykjavík. Jafnframt er krafist málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins.

Varnaraðilinn D krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Jafnframt krefst hún málskostnaðar úr hendi sóknaraðila auk álags í samræmi við a- og c-lið 1. mgr. 131. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Varnaraðilarnir E, F og G hafa ekki látið mál þetta til sín taka.

II.

Með leyfi sýslumannsins í Reykjavík 19. maí 2006 fékk D, ekkja H, leyfi til setu í óskiptu búi, en það leyfi féll niður hinn 15. júlí 2014 er D gekk í hjónaband að nýju.

Með úrskurði Héraðsdóms Vesturlands hinn 18. mars 2015 var dánarbú H tekið til opinberra skipta og skiptastjóri skipaður. Á fyrsta skiptafundi í búinu 31. mars 2015 voru m.a. lagðir fram tveir kaupmálar, dags. 26. nóvember 2005, milli H og D. Samkvæmt öðrum þeirra skyldi jörðin ..., ..., áður ..., verða séreign D, en samkvæmt hinum skyldi íbúð að ... í ... verða séreign D. Kaupmálar þessir voru skráðir í kaupmálabók sýslumannsins í Reykjavík, auk þess sem þeim var þinglýst á viðkomandi fasteignir. Á skiptafundinum var einnig lagður fram kaupmáli milli sömu aðila frá 27. nóvember 2005, þar sem sumarhúsin ... og ... í ... voru gerð að séreign D.... Sá kaupmáli var hins vegar hvorki skráður né var honum þinglýst á viðkomandi eignir.

Á skiptafundinum lét lögmaður sóknaraðila færa til bókar að umbjóðendur hans áskildu sér rétt til að kanna lögmati kaupmálanna um ... og íbúðina að Sóknaraðilar leituðu í kjölfarið til Haraldar Árnasonar, rithandarsérfræðings og fyrrverandi rannsóknarlögreglumanns, og fólu honum að kanna hvort H hefði undirritað fyrrgreinda kaupmála sjálfur og með eigin hendi eða hvort nafn hans hefði verið ritað á kaupmálana af öðrum. Í skýrslu Haraldar, dags. 6. júní 2015, segir m.a. svo: „Við innbyrðis samanburð á hinum véfengdu nafnrítunum sem til H vísa, er verulegt skriftarlegt misræmi. Þetta misræmi kemur fram í formi einstakra stafa, skriftarhalla, skriftarflæði og áferð. ... Telur undirritaður að þessi munur verði ekki skýrður öðruvísi en að önnur eða báðar undirskriftirnar stafi ekki frá þeim sem þær vísa til.“ Þá segir svo: „Eins og að framan greinir, eru öll gögnin í formi ljósrita af óþekktu fjöltaki og afar takmörkuð að gæðum. Þrátt fyrir þessar takmarkanir telur undirritaður að umrædd gögn gefi afar sterkar vísbendingar um að hinar véfengdu nafnrítanir séu sviknar.“ Loks segir svo um samandregnar niðurstöður rannsóknarinnar: „Það er niðurstaða undirritaðs, að afar sterkar vísbendingar bendi til þess að hinar véfengdu nafnrítanir, sem vísa til H, og tilgreindar eru í liðum 1a, 2a, 2b, 3a og 3b hér að framan, séu falsaðar.“

Framangreind rannsóknarskýrsla var kynnt erfingjum á skiptafundi hinn 14. júlí 2015. Kom þar fram sú krafa sóknaraðila að umræddir kaupmálar, dags. 26. nóvember 2005, yrðu ekki lagðir til grundvallar við skipti dánarbúsins. Varnaraðilar lýstu hins vegar þeirri afstöðu sinni að kaupmálarnir væru gildir og því ætti að leggja þá til grundvallar við skiptin. Þar sem ekki tókst að jafna þennan ágreining ákvað skiptastjóri með bréfi, dags. 15. júlí 2015, að vísa honum til úrlausnar dómsins, með vísan til 122. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl. Kemur fram í bréfi hans að eftirgreindir séu erfingjar dánarbúsins: D, ekkja hins látna, og

sameiginleg börn þeirra A, B, E, F, C, G og I. I mun þó hafa afsalað sér arfi eftir föður sinn og er hann því ekki aðili að máli þessu.

Með vísan til framangreindrar skýrslu Haraldar Árnasonar fóru sóknaraðilar og fram á það við lögreglustjóran á Vesturlandi með bréfi, dags. 31. ágúst 2015, að hann rannsakaði meinta fölsun þeirra tveggja kaupmála sem mál þetta snýst um, auk kaupmálans um sumarbústaðina tvo, dags. 27. nóvember 2005, og eftir atvikum annarra tilgreindra skjala. Fyrir liggur að lögreglustjórinn tilkynnti lögmanni sóknaraðila um það með bréfi, dags. 26. október 2015, að rannsókn þess máls hefði verið hætt, með vísan til 3. og 4. mgr. 52. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Staðfesti ríkissaksóknari þá ákvörðun 25. nóvember sama ár.

Við aðalmeðferð málsins gáfu varnaraðilarnir D, E og F aðilaskýrslur, auk þess sem teknar voru símaskýrslur af vitnunum Haraldi Árnasyni, Guðbjörgu Jónsdóttur, Sigríði Valdimarsdóttur og Þorgerði Einarsdóttur.

III.

Sóknaraðilar kveðast einkum byggja kröfur sínar á því að allar líkur séu á því að umræddir tveir kaupmálar hafi ekki verið undirritaðir af H heitnum og hafi því ekki að geyma vilja hans til ráðstöfunar umræddra eigna með þeim hætti sem efni kaupmálanna gefi tilefni til. Sé hvað það varði einkum vísað til niðurstöðu fyrirbyggjandi rannsóknarskýrslu Haraldar Árnasonar rithandarsérfræðings, en sóknaraðilar telji niðurstöðu hennar gefa afdráttarlausar vísbendingar í þá veru. Þannig segi „að við innbyrðis samanburð á hinum véfengdu nafnritunum, sem til H vísa, er verulegt skriftarlegt misræmi. Þetta misræmi kemur fram í formi einstakra stafa, skriftarhalla, skriftarflæði og áferð“. Í því sambandi vísi Haraldur annars vegar til eldri undirritana H og hins vegar til innbyrðis ósamræmis í undirritunum hans á hina tvo umdeildu kaupmála, sem dagsettir séu sama dag. Að mati sóknaraðila séu sterkar vísbendingar um að undirskriftir H á umrædda kaupmála séu falsaðar og því sé ekki unnt að leggja þá til grundvallar við búskiptin.

Þá liggi og fyrir að á umræddum tíma, þ.e. í nóvemberlok 2005, hafi H legið sjúkur á Landspítalanum, en hann hafi látist ... 2006. Dragi sóknaraðilar annars vegar verulega í efa að H hafi verið unnt sökum sjúkleika og lyfjagjafar að undirrita sjálfur umrædda kaupmála og hins vegar að líkamlegt ástand hans hafi verið með þeim hætti að hann hafi gert sér einhverja grein fyrir hvers konar skjöl hann væri að undirrita og hvaða réttaráhrif fælust í þeim. Telji sóknaraðilar því að færni H til að

ráða persónulegum högum sínum og fjármálum hafi á þessum tíma verið verulega skert sökum heilsufars hans og lyfjagjafar.

Loks verði að telja að vottun umræddra kaupmála sé nokkuð ábótavant og að hún sé ekki að öllu leyti í samræmi við ákvæði 80. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993, þar sem gerðar séu strangar kröfur um að vottun kaupmála skuli vera með tilgreindum hætti. Hefur hvað það varðar verið lagt til grundvallar að kaupmáli sé því aðeins gildur að gætt hafi verið þeirra aðferða við vottun sem í ákvæðinu greini. Í máli þessu liggja ekkert fyrir um að vottarnir hafi verið kvaddir til samtímis og að þeir hafi með vottun sinni staðfest að þeir hafi verið viðstaddir undirritun kaupmálanna, en í vottorði segir einungis: „vottorð að kaupmála þessum“. Gildi einu í þessu sambandi þótt vottarnir hafi síðar staðfest undirritanir sínar á kaupmálana, enda feli slíkt ekki í sér staðfestingu á því að skilyrðum 80. gr. hjúskaparlaga hafi verið fullnægt. Þá hafi vottun skjalanna verið með þeim hætti að í engu hafi verið getið um andlegt hæfi H á þeirri stundu. Verði að telja að slíkt hefði verið eðlilegt, enda hafi slíkur vafi leikið á um hæfni hans til undirritunar umræddra löggerninga að rétt hefði verið að leita til læknis eða annars sérfróðs aðila til að veita álit um líkamlegt atgervi og hæfi H.

IV.

Varnaraðilinn D vísar til þess að umræddir kaupmálar hafi verið undirritaðir og vottaðir í sjúkrahúsherbergi H og hafi hann ritað nafn sitt þar sem hann hafi legið út af í rúmi sínu. Við undirritunina hafi verið notast við lítið borð sem áfast hafi verið rúminu og sé því eðlilegt að undirritunin líti ekki nákvæmlega eins út og undirritun við aðrar aðstæður. Vegna þeirra athugasemda sem fram komi í rannsóknarskýrslu Haraldar Árnasonar sé á það bent að þau gögn sem skýrslan byggist á hafi í öllum tilvikum verið ljósrit eða ljósrit af ljósriti. Við ljósritun tapist bæði gæði og skýrleiki gagna, ekki síst þegar um sé að ræða undirritanir á skjölum sem séu í öllum tilfellum tæplega tíu ára gömul eða eldri. Sé þetta beinlínis tekið fram í umræddri skýrslu, auk þess sem tiltekið sé að þetta leiði óhjákvæmilega til þess að niðurstaðan verði ekki afgerandi heldur fremur vísbendingar byggðar á þeim gögnum sem til rannsóknar séu.

Ekkert í gögnum málsins bendi til þess að líkamlegt ástand H hafi haft einhver áhrif á getu hans til að skilja eða skynja það sem fram fór í kringum hann við undirritun kaupmálanna. Þvert á móti bendi gögnin til þess að hann hafi, ásamt varnaraðila D, óskað eftir vottun kaupmálanna og bendi það fremur til þess að hann hafi gert sér grein fyrir efni skjalanna og nauðsyn þess að þau yrðu vottuð. Séu engar

vísbendingar um að lyfjagjöf H hafi verið með þeim hætti að færni hans til að ráða persónulegum högum sínum og fjármálum hafi að neinu leyti verið skert. Í ljósi þess að bæði varnaraðili og vottar hafi staðfest að um undirritun H sé að ræða hvíli sönnunarbyrði á sóknaraðilum um að H hafi ekki verið fær um að rita undir umrædda kaupmála. Þá sé það ekki mjög sannfærandi málatilbúnaður af hálfu sóknaraðila að byggja bæði á því að um fölsun og skort á gerhæfi hafi verið ræða.

Á því sé byggt að vottun kaupmálanna hafi farið fram í fullu samræmi við ákvæði 80. gr. hjúskaparlaga. Kaupmálarnir um ... og ... beri báðir yfirskriftina „Kaupmáli“, auk þess sem orðið komi fyrir í þrígang í texta skjalsins. Í báðum tilvikum hafi tveir aðilar vottað kaupmálann og ritað nafn sitt og kennitölu undir.

Loks sé á því byggt að um tómlæti sóknaraðila sé að ræða þar sem þeim hafi verið kunnugt um kaupmálana þegar á árinu 2006 án þess að gera athugasemdir við þá fyrir en nærri tíu árum síðar.

V.

Niðurstaða

Sóknaraðilar telja að bæði valdi það ógildi umræddra tveggja kaupmála að undirskriftir H á þá séu falsaðar og að ekki hafi verið fylgt lögmeðlum reglum um vottun þeirra. Eins og áður segir liggur fyrir í málinu rannsóknarskýrsla Haraldar Árnasonar, rithandarsérfræðings og fyrrverandi rannsóknarlögreglumans hjá ríkislögrelustjóra, sem hann hefur staðfest fyrir dómi, varðandi vefengdar nafnritanir H undir kaupmála, þar sem hann kemst að þeirri niðurstöðu að „afar sterkar vísbendingar bendi til þess að hinar vefengdu nafnritanir, sem vísa til H“ séu falsaðar.

Í 80. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993 eru gerðar kröfur um að vottun kaupmála skuli vera með tilgreindum hætti. Þannig skal undirritun hjóna eða hjónaefna vera staðfest af lögbókanda, héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni eða fulltrúa þeirra eða af tveimur vottum, sem skulu vera samtímis viðstaddir og rita nöfn sín og kennitölur á kaupmálann. Neðan við meginmál hinna umdeildu kaupmála og undirskriftir H og varnaraðilans D er vélritaður svofelldur texti: „Vottar að kaupmála þessum“. Undir þennan texta rita nöfn sín og kennitölur annars vegar á kaupmálann vegna ... þær Guðbjörg Jónsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir og hins vegar á kaupmálann vegna íbúðarinnar að ... þær Sigríður Valdimarsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, en þær störfuðu allar sem hjúkrunarfræðingar á Landspítalanum þegar H mun hafa verið þar til meðferðar í lok nóvembermánaðar

2005. Fram kom í skýrslum þeirra allra fyrir dómi að þær myndu lítt eða ekki eftir atvikum þegar þær rituðu nafn sitt sem vottar í greint sinn. Þannig kvaðst Þorgerður Einarsdóttir ekki muna hvort hún var viðstödd þegar aðilar kaupmálanna rituðu nafn sitt á þá eða hvar hún var stödd þegar hún sjálf ritaði nafn sitt. Guðbjörg Jónsdóttir kvaðst ekki telja að hún hefði verið stödd inni hjá sjúklingnum þegar hún ritaði nafn sitt á skjalið. Þetta hefði verið í eina skiptið á hennar starfsferli sem hún ritaði undir sem vottur og hún hefði örugglega verið frammi á gangi þegar hún ritaði nafn sitt. Hefði hún þá verið að votta að „þetta væri þessi manneskja“. Sigríður Valdimarsdóttir sagðist ekkert muna eftir því þegar hún ritaði undir, hvorki hvaða sjúklingur átt hefði hlut að máli né við hvaða aðstæður undirritunin fór fram. Hún taldi að það hefði tvisvar gerst á hennar starfsferli á spítalanum að hún hefði verið beðin um að rita undir sem vottur og í bæði skiptin hefði hún verið að votta „að þessi einstaklingur, sem er þarna, skjólstæðingur minn þá væntanlega af því að hann er sjúklingur þarna, sé sá hinn sami og er í rúminu. Það passi við kennitölu og nafn.“ Hún hefði því ekki verið að votta neitt efnislega heldur nánast að rétt manneskja væri í rúminu.

Þegar allt framangreint er virt, annars vegar niðurstaða fyrrnefndrar skýrslu um að afar sterkar vísbendingar séu um að undirskriftir H á kaupmálana séu falsaðar og hins vegar að ekki liggur ótvírætt fyrir að lögmæltra krafna um vottun kaupmálanna hafi verið gætt, verður að telja nægilega fram komið að undirritun og vottun kaupmálanna hafi ekki verið með þeim hætti að þeir geti talist gildir kaupmálar í skilningi hjúskaparlaga nr. 31/1993. Verða því teknar til greina kröfur sóknaraðila um viðurkenningu á því að umræddir tveir kaupmálar séu ógildir og að þeir verði ekki lagðir til grundvallar við yfirstandandi skipti á dánarbúi H, enda verður ekki talið að meint tómlæti sóknaraðila varðandi vefengingu þeirra geti neinu breytt í því tilliti.

Samkvæmt þessari niðurstöðu, og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, verður ekki hjá því komist að dæma varnaraðila D til að greiða sóknaraðilum óskipt málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 450.000 krónur.

Úrskurð þennan kveður upp Ásgeir Magnússon dómstjóri.

Úrskurðarorð:

Tveir kaupmálar milli H, og D, dagsettir 26. nóvember 2005, skráðir í kaupmálabók sýslumannsins í Reykjavík 28. og 30. nóvember 2005, með

málsnúmerum X-238 og X-240, eru ógildir og verða ekki lagðir til grundvallar við yfirstandandi skipti á dánarbúi H. Skulu kaupmálarnir afmáðir úr kaupmálabók sýslumannsins í Reykjavík.

Varnaraðili, D, greiði sóknaraðilum, A, B og C, óskipt 450.000 krónur í málskostnað.

Ásgeir Magnússon